

## GLG-2018-02 Sumarsólstöðuhátíð

Umsækjandi er Kvenfélagið Baugur í Grímsey. Markmið verkefnisins er að koma á fót árlegum viðburði í kring um sumarsólstöður til þess að gleðja Grímseyinga og gesti þeirra og um leið markaðsetja eyjuna sem áfangastað. Verkefnið miðar að því að virkja heimamenn og ferðapjónustuaðila í Grímsey þannig að sem best verði að hátíðinni staðið.

Sótt er um styrk að upphæð kr. 1.200.000. til þess að standa straum af kostnaði við skreytingar, skemmtiatriði, markaðssetningu og flutningskostnað sem tengist hátíðinni. Verkefnið fellur mjög vel að þeim markmiðum Byggðáþróunarverkefnisins sem lúta að eflingu ferðamennsku í Grímsey og styrkingu á sérstöðu eyjunnar sem áfangastaðar.

Verkefninu var úthlutað 1.000.000 kr.- árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.